



Frá Læknafélagi Reykjavíkur

Því miður hafa samskipti sérfræðilækna og fleiri sjálfstætt starfandi aðila við Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) og heilbrigðisyfirvöld síðustu ár einkennst af samningsleysi, deilum og málaferlum. Dæmi um afleiðingar þessa eru að liðskiptaaðgerðir eru fluttar til útlanda þó að unnt væri að gera þær á hálfvirði á stofum lækna á Íslandi. Annað dæmi er sorgarsagan kringum legháls- og brjóstaskimanir kvenna, þar sem illa ígrundaðar breytingar voru gerðar án þess að ljóst væri hvað tæki við. Í þriðja lagi hafa margvíslegar nýjungar ekki verið teknar upp frá 2013 þegar síðasti samningur við SÍ var gerður. Annmörkum hefur verið lýst við innkaup ríkisins á þjónustu sjálfstætt starfandi aðila m.a. í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2018 og í úttekt KPMG frá 2019, sem gerð var fyrir aðila sem semja við SÍ. Í báðum skýrslum er bent á ýmsar lagfæringar sem þarf að gera.

Umfang þjónustu sjálfstætt starfandi sérfræðilækna við sjúklinga hefur dregist saman síðustu ár meðal annars vegna skorts á nýliðun lækna. Biðtími eftir þjónustu sérfræðilækna hefur lengst og eru víða yfir viðmiðum Embættis landlæknis. Meðalaldur stofulækna hækkar og er orðinn nær 60 ár. Afleiðingarnar koma fram í auknu álagi annarsstaðar í kerfinu eins og á heilsugæslu og bráðadeild.

Fyrirtæki í stofurekstri starfa í ótryggu umhverfi. Vegna þessa, skorts á nýliðun, rekstrarvanda og fleiri atriða eru gamalgrónar læknastöðvar jafnvel að hætta starfsemi. Til að bæta úr þarf að tryggja nýliðun, nýjungar og starfsumhverfi. Draga þarf úr árekstrum, kærnum og málaferlum en bæta samstarf og semja. Vanda þarf stjórnsýsluna og fyrirmæli af hálfu yfirvalda þurfa að standast lög.

Sjúklingurinn á að vera í öndvegi. Gildi heilbrigðiskerfis okkar verða einfaldlega að endurspeglu það. Framtíðarsýn og stefna fyrir heilbrigðiskerfið okkar þarf að byggja á skynsemi, vísindum og staðreyndum. Ekki pólitískum hentistefnum hvað þá öfgum.

Auka þarf fjárveitingar til allra þriggja geira kerfisins en nú einkum til sjálfstætt starfandi aðila sem hafa setið eftir á þessu kjörtímabili, þó fyrir liggja að þeir eru hagfelldasti kosturinn þegar kemur að verði og gæðum. Þannig nýtast opinberir fjármunir best og þannig má beina fjármunum þangað sem þörf er mest og þjónustan hagkvæmust.

Oftrú á ríkisrekinni einokun þarf strax að linna. Það má til dæmis ekki endurtaka sig að skipulagslaust sé skilvirkum einkareknum starfseiningum kastað fyrir róða án þess að ljóst sé hvað á að taka við eða hvort þeir sem það eiga að gera ráði við verkefnið.

Með víðsýni og fjölbreytni að leiðarljósi þarf að hlusta á þá sem vinna í framlínu heilbrigðiskerfisins og á gólfinu. Með því tryggjum við lífvænlegt heilbrigðiskerfi til framtíðar, sköpum gott aðgengi sjúklinga að þjónustunni og fáum heilbrigðisstarfsfólk til að vinna í kerfinu til langframa, þjóðinni til heilla.

Þórarinn Guðnason, formaður LR



Sem betur fer er blandað heilbrigðiskerfi á Íslandi

- Sem betur fer - stenst íslenskt heilbrigðiskerfi samanburð við það sem best gerist.
- Sem betur fer - njóta flestir landsmenn heilbrigðisþjónustu óháð efnahag.
- Sem betur fer - er vilji þjóðarinnar að forgangsraða heilbrigðisþjónustunni í rekstri þjóðarbúsins.
- Sem betur fer - getum við brugðist við nýjum veirusjúkdómum með vísindin að vopni.
- Sem betur fer - stöndum við vel efnahagslega svo hægt er að auka fjárveitingar til heilbrigðiskerfisins.
- Sem betur fer - vitum við að það þarf að bæta nýtingu fjármuna í heilbrigðisþjónustunni.
- Sem betur fer - getum við beint fjármunum þangað sem mest þjónusta og gæði fást fyrir peningana.
- Sem betur fer - hefur verið vakin athygli á að bæta þarf stjórnun í heilbrigðismálum.
- Sem betur fer - er hægt að treysta fagfólkinu fyrir ákvörðunum í heilbrigðismálum.
- Sem betur fer - ætlum við að bæta fjármunum í stofurekstur lækna, heilsugæsluna og sjúkrahúsinn.
- Sem betur fer - eru mismunandi rekstrarform í heilbrigðiskerfinu á Íslandi.
- Sem betur fer - hafa lækna enn val um mismunandi og ólíka vinnustaði.
- Sem betur fer - er enn ráðrúm til að snúa lækna skortinum við.
- Sem betur fer - ríkir valfrælsi sjúklinga í íslensku heilbrigðiskerfi.
- Sem betur fer - geta sjúklingar enn valið sér þann lækni sem þeir treysta.
- Sem betur fer - eru flestir sjúklingar ánægðir með heilbrigðisþjónustuna.
- Sem betur fer - er enn til læknaþjónusta þar sem sjúklingar geta hitt sama lækna aftur.
- Sem betur fer - vilja flestir landsmenn biðlista til að komast á biðlistann.
- Sem betur fer - er Ísland ofarlega á blaði í heiminum í gæðum og aðgengi að heilbrigðisþjónustu.
- Sem betur fer - eru lækna tilbúnir til að hafa frumkvæði að framförum.
- Sem betur fer - eru 98% sjúklinga ánægðir með þjónustu sérfræðilæka á stofu.
- Sem betur fer - eru sjúklingar ánægðir með þjónustu sjálfstætt starfandi heilsugæslustöðva.
- Sem betur fer - er sjálfstætt rekin heilbrigðisþjónusta bæði hagkvæm og sveigjanleg.
- Sem betur fer - geta sjálfstætt starfandi lækna stofur tekið að sér aukin verkefni.
- Sem betur fer - getum við veitt meiri heilbrigðisþjónustu utan sjúkrahúsa á næstu árum.
- Sem betur fer - mun þeirri stefnu ljúka að hluti heilbrigðiskerfisins okkar sé jaðarsettur.
- Sem betur fer - eru sjálfstætt starfandi lækna enn hluti af opinbera heilbrigðiskerfinu.
- Sem betur fer - verður endurnýjuð heilbrigðisstefna ekki byggð á pólitískri hentistefnu og öfgum.
- Sem betur fer - mun oftrú á ríkisrekna einokun í heilbrigðiskerfinu linna.
- Sem betur fer - verður klúðrið með krabbameinsskimanirnar ekki endurtekið.
- Sem betur fer - ætlum við að hafa víðsýni að leiðarljósi í stefnumótun í heilbrigðismálum.
- Sem betur fer - verður í framtíðinni hlustað á lækna við skipulagningu heilbrigðisþjónustunnar.
- Sem betur fer - ætlum við að byggja talsvert við Landspítalann.
- Sem betur fer – velja landsmenn ekki einokun í heilbrigðiskerfinu.
- Sem betur fer - ætlum við að skarta ánægðu starfsfólki sem vill vinna í heilbrigðiskerfinu til langframa.

Þórarinn Guðnason, formaður LR